


Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. janúar 2014  
Tilvísun: UST20140100043/káb

### Tillaga til þingsályktunar um flutning stjórnisýslu um málefni hreindýra, 202. mál

Vísað er í tölvupóst 6. janúar 2014 frá nefndarsviði Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnisýslu um málefni hreindýra, þingskjal 255 - 202. mál.

Í 3.gr laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum segir: *[Ráðherra]<sup>1</sup> hefur yfirumsjón með aðgerðum er varða vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum.*

*[Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera [ráðherra]<sup>1</sup> til ráðgjafar og gera tillögur varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem tilefni er til.*

*Umhverfisstofnun hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla. [Í þeim tilvikum sem ákveðið er að aflétta friðun skal Umhverfisstofnun gera tillögur til [ráðherra]<sup>1</sup> um stjórn og framkvæmd veiða á stofnum villtra fugla og spendýra, sbr. 7. gr., að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.<sup>2</sup>*

*Um stefnumótandi mál um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal haft samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð að því er varðar hreindýr, Skotveiðifélag Íslands sem og áhuga- og hagsmunasamtök um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.*

Með ofangreindri tillögu er lagt til að umsjón einnar dýrategundar verði tekin út úr þessu lagalegu hlutverki Umhverfisstofnunar og færð undir hreindýraráð. Samkvæmt ofangreindum lögum gerir Umhverfisstofnun árlega tillögur að hreindýraveiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða að fengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands og hreindýraráðs. Umhverfisstofnun annast sölu veiðileyfa og eftirlit með hreindýraveiðum. Jafnframt skiptir Umhverfisstofnun arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra að fengnum tillögum hreindýraráðs. Þetta starf er að mestu unnið af starfsmanni Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum. Eins og fram kemur í greinagerð með tillögu til þingsályktunar var starfsmaður hreindýraráðs til húsa á Egilsstöðum og staðsetning þess starfs breyttist ekki við stofnun Umhverfisstofnunar. Í greinagerðinni er staðan ranglega sögð vera 75% sem ekki er rétt því það er nú 100% stöðugildi og hefur verið það síðan 1. júní 2005. Starfið er þó umfangsmeira en svo að einn maður geti annað því og fær starfsmaðurinn því stuðning frá samstarfsmönnum á Umhverfisstofnun bæði faglega og varðandi stoðþjónustu t.d. vegna bókhalds, auglýsinga tölvuþjónustu og fleira. Umhverfisstofnun og Náttúrustofa

Austurlands fá greidda ákveðna krónutölu af veiðileyfisgjaldi hvers fellds dýrs til að sinna þeim störfum sem þeim er ætlað. Stofnunin hefur ítrekað óskað eftir að fá meira fyrir hvert fellt dýr, m. a. í ljósi þess að fleiri en einn koma að vinnu við málaflokkinn, hefur stofnunin fengi synjun á það. Stofnunin telur því ljóst að einn starfsmaður hreindýraráðs getur ekki annað öllu sem að málaflokknum snýr, samanber tillögu um flutnings málaflokksins undir hreindýraráð. Ekki er þá hægt að gera ráð fyrir að hreindýraráðsmenn starfi þá í ráðinu launalaust. Til að mæta því þyrfti ráðið að fá meiri peninga sem annaðhvort þarf að koma af fjárlögum eða veiðileyfasölu. Ef þeir fjármunir eiga að koma af veiðileyfasölu þarf annaðhvort að skerða hlut landeigenda eða hækka veiðileyfagjaldið. Í tillögunum er gert ráð fyrir að umhverfis- og auðlindaráðherra fari þó enn með yfirumsjón málaflokksins. Það þýðir að þarna verður komið á örstofnun með einum starfsmanni sem starfi undir hreindýraráði. Ekki kemur neitt fram í tillögunum hvernig svo sem launaumsýslu og öðru sem því viðkemur verður háttað. Jafnframt má minna á stefnu stjórnvalda um að stofnanir eigi helst ekki að vera minni en 30 starfsmenn.

Samkvæmt stefnu Umhverfisstofnunar eru laus störf auglýst án tillits til staðsetningar, ef eðli starfsins krefst þess ekki. Umsækjendur geta valið um að starfa á einhverri þeirra níu starfsstöðva sem stofnunin hefur víðs vegar um landið. Hvað varðar umsýslu hreindýra er litið svo á að sú starfsemi skuli vera á Austurlandi. Vegna þessa hefur Umhverfisstofnun haldið úti starfsstöð á Egilsstöðum og vegna ofangreindrar stefnu stofnunarinnar hefur opnast tækifæri fyrir fólk á Egilstöðum að fá vinnu hjá Umhverfisstofnun í sinni heimabyggð. Það tækifæri hefur einmitt verið nýtt þannig að síðan í mars 2011 hefur verið starfandi lögfræðingur hjá Umhverfisstofnun á Egilsstöðum. Miðað við stefnuna er ekkert sem segir að þeir geti ekki orðið fleiri. Fari svo að umsýsla hreindýramála verði færð undan Umhverfisstofnun til hreindýraráðs fer kjölfesta starfsstöðvar Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum og þá gæti farið svo að aðgerðin hafi öfug áhrif við það sem lagt er upp með, það er að störfum háskólamenntaðs fólks á Austurlandi fækkar, (sjá lokasetningu greinagerðarinnar :” Í ljósi þessa hlýtur að teljast eðlilegt að stjórn hreindýraveiða sé að stærstum hluta í höndum Austfirðinga og stjórnarsýsla vegna dýranna skapi störf heima í héraði þó svo að umhverfis- og auðlindaráðherra fari með yfirumsjón málaflokksins.”)

Það er vandséð með hvaða hætti það muni auka þjónustu og hagkvæmni að færa stjórnarsýslu hreindýramála aftur til hreindýraráðs. Nú hafa verið smíðaðir umgangsmiklir gagnagrunnar sem halda utan um umsóknir veiðileyfa, hreindýraveiðiskýrslur og arðsúthlutun. Jafnframt er mikilvægt að huga að tengingu við sölu veiðikorta. Við sölu hreindýraveiðileyfa er nausynlegt að hafa tengingu í veiðikortagrunn Umhverfisstofnunar til að aðeins þeir sem til þess hafa réttindi fái keypt veiðileyfi. Það mun kalla á aukin flækjustig að sú örstofnun sem verið er að leggja til að sett verði á laggirnar þurfi að fá upplýsingar frá annarri stofnun um hverjir hafa réttindi til að kaupa veiðileyfi.

Í greinagerðinni er talað um ráðstöfunarrétt landeigenda:” Hreindýr voru í öndverðu gefin bændum á Íslandi og hafa þau frá árinu 1936 eingöngu haft búsetu á Austurlandi. Þó að enginn eigi hreindýrin frekar en villta fugla, þá hafa landeigendur ráðstöfunarrétt á veiðum á landareign sinni samkvæmt landslögum” Það er rétt að landeigandi hefur ráðstöfunarrétt á veiðum á sinni landareign en í 2. mgr 14 gr. laga nr. 64/1994 segir: *Eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum* Landeigandi hefur því ekki rétt á að ráðstafa hreindýraveiðileyfum á sinni landareign að öðru leyti en því að veiðimenn þurfa leyfi landeigenda til að veiða á landi hans.


Arður er greiddur út samkvæmt reglugerð þar um og mun það væntanlega ekki breytast hvort það er hreindýraráð eða Umhverfisstofnun sem sér um greiðslurnar.

Umhverfisstofnun sér ekki hvert hagræði verður af flutningi stjórnsýslu hreindýramála og leggst því gegn þessum tillögum.

Virðingarfyllst



Bjarni Pálsson  
Teymisstjóri



Jóhann G. Gunnarsson  
Sérfræðingur

